

Og hvað mega fætur í veðrum á vorin  
með vængjunum fylgjast—þó greið séu sporin?

En þungt var til aðrátta, áreynslan hörð  
við einyrkings-skapinn og fátæka jörð:  
Að mölva og bræða sér góðmálm úr grjótum,  
að gull-kornum leita í sandbleytu-fljótum,  
á daginn við ólokin erindi stríða,  
en andvöku-nóttunum verja til smiða.

Og alt sýndist hálfverk þeim hótfyndna smið—  
þó hringarnir fjölguðu bætti hann við.  
Hann átti á seilinni sjö-hundruð bauga,—  
við síðasta hringinn skein gleðin úr auga,  
því armæðu-dagarnir hjá voru hlaupnir:  
Hann hafði á endanum lokið við Draupni.

Á armlegg manns dreginn sem hóf mann sem hug,  
um himin og undir-djúp tók mann á flug,  
sem eiganda bar hverja nífundu nóttu  
þá niðja, sem dýrir og jafn-göfgir þóttu—  
því svo var hann gerður af gæfu-smið högum  
úr gulli því eina, sem frjótt er í sögum.

Og þegar á bandið sitt Draupni hann dró  
að dagsverki loknu, þá kvað 'ann og hló:  
„Nú lauk eg við grip þann, sem hafði í huga,  
þann hring, sem að dugar til auðs og til fluga!

Og þar fann eg samleið, um sólheiðið, fær  
með svanavæng þínum, þú Alvitur kæra!“

„Og mér er nú sama uni meiðsli og rán.  
Þó meinviljinn ræni mig, á eg mitt lán.  
Því aldrei kann Draupnis hann Nifluður njóta!  
Og nú má hann fjötra og leggina brjóta,